

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Sævarhöfði 2-2A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. september 2016 breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar nr. 2-2A við Sævarhöfða. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til suðurs og afmarkaður er byggingarreitur fyrir tengi-gang. Byggingarmagn eykst um 320 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 63.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 30. september 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðar nr. 63 við Laugaveg. Í breytingunni felst að breyta risi í þeim hluta hússins sem snýr að Vitastíg í íbúð, lengja núverandi kvist á norðvesturhlið og gera innbyggðar svalir á þakinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tryggvagata 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. september 2016 breytingu á skilmálum í deiliskipulagi reits 1.132.1, Naustareits, vegna lóðarinnar nr. 14 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst að gerð er krafa um eitt bílastæði á hverja 120 m² fyrir hótél-starfsemi. Verði ekki unnt að koma fyrir á lóðinni þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um skal heimilt að greiða fyrir þau stæði sem á vantar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hverafold 49 og 49A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. ágúst 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags Foldahverfis suður, 1. og 2. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 49-49a við Hverafold, dags. 15. mars 2016. Í breytingunni felst að skilmálum fyrir einbýlishús verði breytt í skilmála fyrir parhús og að heimilt sé að taka í notkun þegar gerð sökkulrými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 5. október 2016.

Björn Axelsson.